



Heiðarskóli — Fréttabréf

Október 2009

Ábm. Sigurbjörg Róbertsdóttir deildarstjóri



SpKef
Sparisjóðurinn í Keflavík

Afmælishátíð - Heiðarskóli 10 ára

Miðvikudaginn 7. október var haldið upp á 10 ára afmæli Heiðarskóla. Nemendur og starfsfólk skólans áttu góðan dag saman og hátíðarhöldin heppnuðust vel. Dagurinn byrjaði á því að nemendur gerðu listaverk úr klökum sem þeir komu með að heiman. Áður en haldið var inn í skólann mynduðu nemendur og starfsfólk hring um skólann og föðmuðu hann. Í íþróttahúsinu var síðan dagskrá fyrir nemendur þar sem nemendur á öllum stigum komu fram. Tveir nemendur í 1. bekk þeir Guðmundur Rúnar Júlíusson og Hrannar Már Albertsson sungu lagið Mýrdalssandur. Nemendur á miðstigi voru með ljóðalestur undir trommuslætti og nemendur á elsta stigi sýndu dans. Þá voru þeir kennarar sem unnið hafa við skólann frá upphafi heiðraðir. Þeir fengu afhent Fjöregg eftir Koggu. Foreldrafélagið afhenti skólanum hátíðarfána að gjöf og Reykjanesbær færði skólanum gjafabréf til kaupa á ljósaútbúnaði í salinn.



DÝRADAGUR Í 5. SJ

Nemendur í 5. bekk SJ fengu að koma með dýrin sín í skólann og vakti það lukku hjá nemendum.



Nemendaráð Heiðarskóla

Nemendaráð Heiðarskóla er skipað nemendum í 8. - 10. bekk. Hlutverk nemendaráðs er m.a. að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það skipuleggur félagsstarf ásamt umsjónarmönnum félagsstarfa, vinnur á öllum skemmtunum og eru fulltrúar nemenda.

Nemendur í 9. - 10. bekk fá vinnu í nemendaráði metna sem eina valgrein en ásamt því að sjá um þá atburði sem nemendaráð stendur fyrir eru þeir í 80 mínútna kennslustund einu sinni í viku. Þeir nemendur sem skipa ráðið í 8. bekk sjá um og vinna á öllum skemmtunum á vegum ráðsins.

Í ár eru 20 nemendur í nemendaráði, 8 í 8. bekk, 4 í 9. bekk og 8 í 10. bekk. Formaður nemendaráðs er Lilja Ósk Traustadóttir í 10.RR og varaformaður er Ævar Þór Gunnlaugsson í 10.MJ.

UNDIRBÚNINGUR FYRIR „FIRST LEGO” KEPPNINA

Laugardaginn 7. nóvember fer fram Legó hönnunarkeppni hjá Keili á Ásbrú. Keppnin felst í að smíða vélmenni úr tölvustýrðu Lego og forrita það til að leysa ákveðnar þrautir. Þá þurfa keppendur að gera rannsóknarverkefni, halda dagbók og koma með skemmtiatriði. Lið Heiðarskóla hefur verið að undirbúa sig fyrir keppnina af fullum krafti og við hlökkum til að sjá hvernig liðinu gengur 7. nóvember. Við hvetjum alla til að koma og fylgjast með þennan skemmtilega dag.



1. bekkur í skólanum



Útivistarval - gönguferðir

Nú hafa verið farnar 4 gönguferðir í nýju vali í Heiðarskóla, svokölluðu útivistarvali. Fyrsta gangan var á Bergið og gekk hún ágætlega. Næsta ganga var mjög ævintýrleg. Þá var gengið á fjallið Keili. Lagt var af stað í góðu veðri en þegar við nálguðumst fjallið skall á þoka, rok og rigning. Hópurinn náði að komast á toppinn með miklum erfiðismunum. Þar var svo hvasst að við gátum með harmkvælum skrifað nöfn okkar í gestabókina. Á leið niður fórum við í einfaldri röð og leiddumst og gættum hvert að öðru. Í skjóli við kletta var borðað nesti og síðan haldið sem leið lá í rútuna aftur. Allir komust heilir þangað, en blautir og þreyttir.

Næst var gengið á svæðinu við Reykjanesvita. Veðrið var fínt og gangan ekki erfið að undanskildu stórgrýtinu í fjörukambinum við Valahnjúk. Krakkarnir fundu stóran helli í hlíðum Valahnjúks og renndu sér svo á rassinum niður brekkuna. Buxnaslit var því töluvert. Hestar í girðingu vöktu mikla gleði en sumir snertu rafmagnsgirðinguna og uppgötvuðu hvaða áhrif slíkar girðingar hafa á hesta og fólk. Í síðasta tíma var genginn nýi stígurinn sem liggur úr Grófinni og inn í Njarðvík. Við gengum að Fitjunum og tókum síðan strætó heim.

Í ferðunum hafa allir verið vel útbúnir bæði hvað varðar fót, skó og nesti. Þessar göngur hafa allar verið mjög vel heppnaðar og nemendur staðið sig með mikilli þryði. Nemendur hafa sýnt dug og þrautseigju við erfiðar aðstæður og eiga hrós skilið fyrir það.



Nemendur í 4. bekk SG heimsækja Vesturberg

Nemendur í 4. bekk SG heimsóttu Vesturberg á dögnum. Tilgangur heimsóknarinnar var að lesa fyrir nemendurnar á leikskólanum. Allir nemendurnir höfðu gaman af þessari heimsókn og glæðir þetta áhuga barnanna á lestri.



Fótboltamót

Mánudagana 21. og 28. september fór fram í Reykjaneshöll fótboltamót grunnskólanna í Reykjanesbæ. Fyrri daginn kepptu stelpurnar en þar bar Akurskóli sigur úr bítum. Seinni daginn kepptu strákarinnir og þar fór lið Heiðarskóla með sigur af hólmi.



Norræna skólahlaupið

Miðvikudaginn 9. september tóku nemendur Heiðarskóla þátt í Norræna skólahlaupinu. Allir nemendur skólans hlupu 2,5 km en í boði var að hlaupa allt upp í 10 km sem þó nokkuð margir gerðu. Alls hlupu 441 nemendur og starfsmenn 2160 km og meðaltalið er 4,9 km á hvern nemanda sem hljóp. Flottur árangur og áfram Heiðarskóli.



6. og 7. bekkur á sögusýningu

Í lok september átti Keflavík - Íþrótt- og ungmennafélag 80 ára afmæli. Af því tilefni var sett upp sögusýning í K-húsinu og fóru nemendur í 6. og 7. bekk á sýninguna og fengu leiðsögn Einars Haraldssonar.



Starfshættir í grunnskólum

Heiðarskóli er nú í samvinnu við rannsóknarhóp frá Háskóla Íslands, Háskólanum frá Akureyri og Listaháskóla Íslands um rannsókn á starfsháttum í grunnskólum. Unnið verður að gagnaöflun í 20 grunnskólum um landið og verður okkar skóli heimsóttur nokkra daga í lok október. Markmið rannsóknarinnar er að gefa yfirsýn yfir núverandi starfshætti í grunnskólum landsins en um leið að skapa forsendur fyrir þróunarstarf á vegum sveitarfélaga og einstakra skóla. Væntum við þess að skólinn geti nýtt sér niðurstöðurnar til að efla enn frekar skóla-starf í Heiðarskóla.



Skólaráð

Samkvæmt grunnskólalögum skal starfa Skólaráð í hverjum grunnskóla, sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Í skólaráði Heiðarskóla eru: Annel. B. Þorsteinsson, Skúli S. Ólafsson, Fanney P. Ómarsdóttir, Auður Gunnarsdóttir, Gróa B. Hjörleifsdóttir, Martha Ó. Jensdóttir, Gunnar Þ. Jónsson, Lilja Ósk Traustadóttir og Ævar Þór Gunnlaugsson. Auk þessa situr aðstoðarskólastjóri, Sóley Halla Þórhallsdóttir alla fundi skólaráðs og ritar fundargerð.

Kynningarfundir 4. nóvember

Eins og við höfum áður sagt frá hefur starfsfólk Heiðarskóla undanfarin ár verið að kynna sér uppbyggingarstefnuna sem er tæki til að gera samskiptin innan skólans enn betri. Í vor ákvað svo starfsmannahópurinn að skólinn skyldi í framtíðinni kenna sig við stefnuna og vera Uppbyggingaskóli. Til að kynna foreldrum þessa hugmyndafræði höfum við ákveðið að bjóða foreldrum á kynningarfund 4. nóvember. Sama kynningin verður haldin tvisvar þennan dag til að tryggja að allir foreldrar komist, kl. 8:10 og kl. 17:00. Vonumst til að sjá sem flesta.

